

128 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um*
 16. okt. breytingu á takmörku'm læknishjeraða¹. — Samkvæmt lögum um aðra skipun á læknahjeruðum á Íslandi o. fl. 15. oktbr. 1875, 1. gr. skal takmörkunum milli hins 8. og 9. af læknahjeruðum þeim, er stofnuð voru með tjeðri lagagrein, breytt eins og nú segir; og hafa bæði sýslunefndir þær, er hlut eiga að máli, sagt sig ásáttar um það, og landlæknir ráðið til þess.

Attunda læknishjerað skal eptirleiðis taka yfir alla Húnavatnssýslu, að fráskildum Bólstaðarhlíðarhreppi, er skal fylgja niunda læknishjeraði eins og hingað til.

Þessi breyting á hjeraðaskiptingunni öðlast gildi 1. janúar 1878.

Eptir tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar er hjer með enn fremur fyrir skipað samkvæmt 2. grein nefndra laga

að hjeraðslæknirinn í 8. læknishjeraði skal fyrst um sinn hafa aðsetur annaðhvort í Sveinsstaðahrepp eða utarlega í Víðidal, og

að hjeraðslæknirinn í 9. læknishjeraði skal hafa aðsetur vestan Hjeraðsvatna, á svæðinu frá Sauðárkrók fram að Víðimýri, að Vallhólmi með töldum.

Þetta er hjer með tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

129 — *Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um leyfi til að taka*
 31. okt. lán. — Með þessu brjefi var bæjarstjórninni leyft að taka 2000 kr. lán til þess að kaupa viðauka við lóð barnaskólans.

130 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um skaðabætur*
 31. okt. fyrir niðurskurð á sauðfje. — Eptir að jeg hefi meðtekið með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, frá 10. þ. m. bæði álit það, sem jeg beiddist í brjefi frá 15. oktbr. f. á. og brjefi frá 19. desbr. s. á. frá sýslumanninum í Borgarfjarðarsýslu viðvíkjandi kæru, sem bóndinn Pjetur Þorsteinsson á Grund hafði komið fram með um, að ekki hafi verið borgaðar sjer að öllu leyti skaðabætur fyrir niðurskurð á fje, sem hann segir, að yfirvald sitt hafi hvatt sig til veturinn 1874—75, og sýslunefndin í Borgarfjarðarsýslu þar eptir hafi úthlutað sjer skaðabótum fyrir, vil jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður það sem nú segir, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

Sýslumaðurinn hefir í brjefi sínu skýrt frá, að sýslunefndin í Borgarfjarðarsýslu hafi á fundi að Leirá 15. marz 1875 komizt að þeirri niðurstöðu, að tiltækilegast væri til að stöðva útbreiðslu fjárkláðans, er þá hafði gjört vart við sig í sýslunni, að fá þá bændur, er fengju fjárkláða í fje sitt, til þess að skera það niður, gegn endurgjaldi frá þeim bændum er ekki skæru. Hafi beiðandi verið á þessum fundi og lofað að skera fje sitt, ef kláði kæmi í það. En þegar nokkrum dögum síðar kláði fannst í fje beiðandans og nábúa hans, hafi þeir talið vankvæði á því að skera og beið sig að kalla saman nýjan nefndarfund; en hann hafi þá 25. marz s. á. skipað beiðandanum að taka fje sitt á hús og hey og lækna það, jafnframt því að hann með öðrum manni sæi um lækningar á tveim öðrum bøjum, er einnig hefði orðið vart við kláða á. Með því að beiðandinn

1) Sama dag var landlækninum tilkynnt brjef þetta.